

FRELSI - ÖRYGGI - FRAMFARIR



**STJÓRN MÁLAYFIRLÝSING
17. LANDSFUNDAR
SJÁLFSTÆÐISFLOKKSINS**



SAUTJÁNDI Landsfundur Sjálfstæðisflokksins leggur áherzlu á eftirfarandi grundvallaratriði Sjálfstæðisstefnunnar:


- I. að varðveita og tryggja sjálfstæði og frelsi Íslands, og standa vörð um tungu, bókmenntir og annan menningararf Íslendinga,
- II. að treysta lýðræði og þingræði,
- III. að vinna að vísýnni og þjóðlegri umbótastefnu á grundvelli einstaklingsfrelsis og athafnafrelsis, með hagsmuni allra stétta fyrir augum,
- IV. að beita nútíma þekkingu og tækni, svo að auðlindir landsins verði hagnýttar í þágu þjóðarinnar,
- V. að skapa öllum landsmönnum félagslegt öryggi.



Sjálfstæðisflokkurinn hefur verið langfjölmennasti flokkur landsins allt frá stofnun hans árið 1929. Hann hefur oft átt aðild að ríkisstjórn og beitt sér fyrir mörgum mikilvægum framfaramálum. Þjóðinni hefur jafnan vegnað því betur sem fremur hefur verið stjórnað í anda Sjálfstæðisstefnunnar, en ætíð hefur þurft að leita samninga við aðra um framgang mála og misjafnlega tiltekizt um sumt, svo sem verða vill.

Með núverandi stjórnarsamstarfi og efnahagsmálustefnu þeirri, sem mörkuð var árið 1960, urðu tímamót í íslenskum stjórnámálum. Horfið var frá stefnu hafta og ríkisafskipta, sem hafði leitt til stöðunar í hagvexti, og tekið að beita nýjum hagstjórnaraðferðum, sem stuðluðu að frelsi í framkvæmdum og viðskiptum.

Hin nýja frjálsræðisstefna hefur þegar ótvírætt sannað yfirburði sína. Frelsið hefur leyst úr læðingi framtak og



þrótt, er hefur leitt til þess, að síðustu sjö árin hafa orðið meiri allsherjar framfarir á Íslandi en á nokkru samþærligum tímabili í sögu þjóðarinnar, og mun hinn heilvænlegi árangur þá koma því betur í ljós sem þessari sömu stefnu er lengur fylgt.

Þjóðarauður hefur á viðreisnartímabilinu í raunverulegum verðmætum aukizt um 40—50%, og verðmætisaukning í alls konar atvinnutækjum hefur verið yfir 50%.

Í stað gjaldeyrissskuldna erlendis í upphafi þessa tímabils var um síðustu áramót fyrir hendi gjaldeyrisvarasjóður að upphæð rúmar 1.900 millj. kr. Nettóskuldir erlendis námu þá 2.970 millj. kr. og höfðu á tímabilinu aðeins hækkað um 300 millj. króna, enda þótt eignamyndun í landinu næmi 13.000 millj. króna.

Þjóðartekjur hafa aukizt um þriðjung á hvern þjóðfélagsborgara og leitt til stórbatnandi afkomu almennings í landinu, því að launastéttirnar hafa fengið aukinn hlut í vaxandi þjóðartekjum.

Þótt hagstætt verðlag og aflabrogð hafi átt sinn góða þátt í þessari þróun, þá hefði hún ekki orðið nema vegna skynsamlegrar stjórnarstefnu. Án nýrra veiðitækja hefði aflinn ekki fengizt, og aukið athafnafrelsi hefur ráðið úrslitum um öflun þeirra og hagnýtingu verðmætanna, er sköpuð hafa verið. Önnur veigamikil forsenda framleiðsluaukningarinnar hefur verið það lánstraust erlendis, sem gjaldeyrisvarasjóðurinn, heilbrigð stefna í fjármálum og peningamálum ásamt auknu viðskiptafrelsi hafa endurvakið.


Með ákvörðunum um stórvirkjun og stóriðju hefur mikilvægt spor verið stigið til að tryggja atvinnuöryggi þjóðarinnar, stærri átök hafa verið gerð en áður til þess að

afla atvinnuvegunum stofnfjár og auka framleiðni þeirra og bæta þannig lífskjörin, enda hefur með framkvæmda- og fjáröflunarátætlunum verið leitazt við að beina ráðstöfunarfé lánastofnana að mikilvægustu verkefnum.

Stór framfaraspor hafa verið stigin í skatta- og tollamálum og margvísleg umbótalöggjöf verið sett um atvinnumál, menningarmál, heilbrigðismál, félagsmál og samgöngumál. Hafnar hafa verið fyrstu kerfisbundnu aðgerðirnar til þess að stuðla að jafnvægi í byggð landsins og í því skyni sett m.a. löggjöf um atvinnujöfnunarsjóð.

Ekki hefur tekizt að koma í veg fyrir verðbólgu, enda hefur mikill munur á afkomu hinna ýmsu greina framleiðslunnar síðustu árin aukið þann vanda og stjórnarflokkarnir ekki viljað ganga svo langt í baráttunni gegn verðbólgu, að atvinnuleysi kynni að leiða af. Tekizt hefur að skapa samstarfshug milli launþega og vinnuveitenda og ríkisvalds, og hefur þetta stuðlað að happasælli úrlausn kaupgjalds- og verðlagsmála og leitt til betri og stöðugri vinnufriðar en áður. Af hálfu ríkisvaldsins hefur verið lögð rík áherzla á að hvetja til samvinnu aðila vinnumarkaðarins og stuðla að öflun raunhæfra og hlutlausra upplýsinga um efnahagsþróunina, hag atvinnuveganna og kjör almennings. Landsfundurinn telur sérstaka ástæðu til að lýsa ánægju yfir því, sem áunnizt hefur á þessum vettvangi.

Hið mikla verðfall á ýmsum af helztu útflutningsafurðum sjávarútvegsins hefur þó leitt til verðlækkunar hráefnisins og þar með rýrt afkomu sjómanna og útgerðarfyrirtækja. Ríkisvaldið hefur leitazt við að draga úr afleiðingum verðfallsins með auknum framlögum úr ríkissjóði til sjávarútvegsins á þessu ári, þótt slíkar aðgerðir geti að sjálfsögðu ekki vegið á móti svo gífurlegu verð-



falli afurða veigamikilla greina sjávarútvegsins eins og nú hefur orðið raun á. Jafnhliða hefur með ákvörðuninni um verðstöðvun verið gerð nauðsynleg ráðstöfun til þess að hindra hækkun reksturskostnaðar útflutningsatvinnuveganna. Áður fyrr hefðu jafn stórfelldir erfiðleikar atvinnuveganna samstundis valdið viðskiptahöftum, nýjum álögum og kjaraskerðingu almennings, en vegna trausts fjárhags ríkissjóðs og gjaldeyrisvarasjóðsins hefur til þessa verið hægt að ráða við þessa miklu erfiðleika án þess að skerða viðskiptafrelsi eða kjör almennings.

Aðstaðan til að ráða við þá viðskiptaörðugleika, sem þjóðin nú stendur andspænis, er einmitt gleggst sönnun um gildi þeirrar efnahagsstefnu, sem fylgt hefur verið frá 1960, og hin öra hagþróun þetta tímabil staðfestir yfirburði efnahagskerfis frjálsra viðskiptahátta fram yfir kerfi hafta og ríkisafskipta. Þótt verðfall framleiðslunnar kunni að draga úr hagvexti um sinn, þá er efnahagur þjóðarinnar nú svo traustur, að auðið á að vera að forðast veruleg efnahagsleg vandræði, ef skynsamlega er á málum haldið.



Í samræmi við meginstefnu sína telur Sjálfstæðisflokkurinn að hugkvæmni og athafnaþrá einstaklinganna sé aflgjafi framfara. Ber því að efla einkaframtak til almannaheilla og beita ríkisvaldinu til að auka hagsæld og menningu sérhvers einstaklings, jafnframt því sem hlúð verði að þeim, sem ekki ganga heilir til skógar í lífsbaráttunni.

Landsfundurinn ályktar, að hiklaust beri að framfylgja áfram í meginefnum þeirri stefnu í efnahagsmálum, sem fylgt hefur verið síðustu árin, og verður það bezt tryggt með því, að sem flestir kjósendur fylki sér um Sjálfstæðisflokkinn.

Sautjándi Landsfundur Sjálfstæðisflokksins vekur athygli þjóðarinnar á meginstefnumiðum flokksins og hinum hagstæða árangri af stjórnarforystu hans og leggur jafnframt áherzlu á eftirtalin viðfangsefni:


1. Stefnt verði að viðtæku samkomulagi um verðlag og kaupgjald, er treysti gengi krónunnar og tryggi atvinnuvegunum samkeppnisaðstöðu, en launþegum batnandi lífskjör.
2. Unnið verði að samkomulagi um öflugan verðjöfnunarsjóð, er jafnað geti verðsveiflur á útflutningsframleiðslu landsmanna.
3. Leggja ber ríka áherzlu á að tryggja útflutningsvörum þjóðarinnar sem öruggasta markaði og hagstæðast verðlag. Á meðal brýnustu verkefna er að vinna að því innan Alþjóða viðskipta- og tollanefndarinnar (GATT) og með viðræðum við helztu viðskiptaþjóðir Íslendinga að forðast hin alvarlegu áhrif af tollverndarstefnu efnahagsbandalaganna. Verði í því sambandi kannaðir endanlega möguleikar Íslands til þátttöku



í Fríverzlunarbandalaginu (EFTA) og leitað aðildar að því, fáist hún með viðhlítandi kjörum og þau kynnt öllum þeim, sem hagsmuna eiga þar að gæta. Jafnframt verði hraðað kerfisbundinni áætlun um lækkun aðflutningsgjalda og samhliða ráðstöfunum til stuðnings íslenskum iðnaði til að tryggja samkeppnisaðstöðu hans og stuðla að sem fjölbreyttastri iðnþróun í landinu.

4. Gerð verði tíu ára áætlun um eflingu íslenskra atvinnuvega að því marki, að þeir geti veitt atvinnu hraðvaxandi fjölda vinnufærra handa. Jafnframt verði lögð sérstök áhersla á að beina vísindalegum rannsóknnum og tilraunum að því að auka og tryggja gróðurriki landsins.
5. Með samvinnu við sveitarfélög og einkaaðila verði unnið að sem viðtækustum framkvæmdaáætlunum í þeim tilgangi að stuðla að sem hagkvæmastri notkun framkvæmdafjár. Sýslu- og sveitarfélög verði jafnframt eflð með því að fela þeim stjórn þeirra mála, sem þau geta betur af hendi leyst en ríkisvaldið, enda sé þeim séð fyrir tekjustofnum til að greiða kostnaðinn af aukinni starfsemi. Ennfremur verði áfram unnið að samningu byggðaáætlana fyrir landsfjórðungana.
6. Flokkurinn telur enn sem fyrr að efla beri samtök hinna Sameinuðu þjóða og norræna samvinnu, og verði einnig stefnt að aukinni þátttöku Íslands í aðstöðinni við þróunarlöndin.
7. Unnið verði markvisst á alþjóðavettvangi að viðurkenningu á einkarétti Íslendinga til fiskveiða á landgrunninu og að öðru leyti að nauðsynlegri fiskirækt og friðun fiskistofna við landið til að forðast ofveiði.

8. Sjálfstæðisflokkurinn telur með öllu óhjákvæmilegt, að hér á landi sem annars staðar sé viðbúnaður til varna, ef á landið yrði ráðist. Vörnunum ber að sjálf-sögðu að haga á hverjum tíma með hliðsjón af hagsmunum þjóðarinnar og friðarhorfum í heiminum. Flokkurinn er þeirrar skoðunar, að varnir landsins verði ekki tryggðar á næstunni nema með samvinnu við Atlantshafsbandalagið svo sem verið hefur.
9. Minnugir þess, að lítil þjóð á öðrum fremur meira undir manngildi og menntun hvers einstaklings en hinar fjölmennari, vill Sjálfstæðisflokkurinn nú sem fyrr leggja sérstaka áherslu á hugðarefni unga fólksins og aðild æskunnar að stjórn landsins. Því er hann eindregið fylgjandi því, að kosningaaldur sé færður niður í 20 ár. Almannavaldið styðji í auknum mæli starfsemi þeirra félagssamtaka, sem vinna að uppeldi hraustrar og tápmikillar æsku, svo sem íþróttá-, skáta- og ungmennafélaga, bindindishreyfingarinnar og kristilegra æskulýðsfélaga.
10. Haldið verði áfram að bæta námsaðstöðu í landinu og ráðstafanir í þá átt undirbúnar með skólarannsóknnum og áætlanagerðum. Að því skal stefnt jöfnum höndum, að menntunin búi einstaklingana undir að mæta siðferðilegum vandamálum daglegs nútímalífs og efli hlutgengi þeirra í atvinnulífi vaxandi tækniþjóðfélags. Brýna nauðsyn ber til þess að auka fræðslu í skólum landsins varðandi höfuðatvinnuvegi þjóðarinnar og í undirstöðuatriðum félags- og þjóðmegunarfræði. Meðal tímabærra ráðstafana í skólumálum telur fundurinn vera að koma á styrkjum til framhaldsnáms kennara og að veita fleiri skólum rétt til að brautskrá stúdenta, svo sem Kvennaskólanum í



- Reykjavík. Vísindaleg þekking verði hagnýtt til hins ítrasta í framfarasókn þjóðarinnar og vísindastofnanir eflar í því skyni. Haldið verði áfram að bæta aðstöðu Háskóla Íslands og félagsstofnun stúdenta komið á fót.
11. Aukinn verði stuðningur við listir og bókmenntir í landinu með kynningu þeirra innan lands og utan og aðstoð við að koma þeim sem víðast á framfæri. Rækt verði lögð við aukna listsköpun og listtúlkun, m.a. með náms- og ferðastyrkjum og fjárhagsstuðningi við sjálfstæð félagssamtök og stofnanir á sviði bókmennta, lista og vísinda.
 12. Áfram verði unnið að bættri heilbrigðisþjónustu um land allt og áætlanir gerðar til langs tíma um heilsuverndarstöðvar, sjúkrahúsabyggingar og aðrar framkvæmdir á sviði heilbrigðismála. Studd verði starfsemi þeirra sjálfstæðu félagssamtaka, sem vinna að heilsuvernd og í þágu öryrkja. Lögð verði og áherzla á mikilvægi heilsuverndar og hjúkrunarmála aldraðra.
 13. Raunhæfar rannsóknir verði gerðar á því, hvernig lækka megi byggingarkostnað, m.a. með hagnýtum tækninýjungum, bættu skipulagi á sviði byggingariðnaðarins og öfluglu lánsfjárkerfi, sem stuðli að því, að sérhver fjölskylda geti eignast húsnæði með viðráðanlegum kjörum.
 14. Áfram verði haldið að bæta samgöngur um land allt. Undirbúið verði stórfellt átak í gerð varanlegra vega á næstu árum og framkvæmdir þessar boðnar út og aflað til þeirra lánsfjár, ef með þarf. Gerð góðra flugvalla verði sömuleiðis hraðað og samgöngur á sjó tryggðar með nægilegum farkosti og bættum hafnarmannvirkjum.

15. Haldið verði áfram virkjun fallvatna og rafvæðingu alls landsins lokið á tilætluðum tíma.
16. Sjálfstæðisflokkurinn vill, að lýðræði sé tryggt í öllum almennum og opnum félagssamtökum borgaranna.
17. Sjálfstæðisflokkurinn telur æskilegt, að stofnað sé til lífeyrissjóðs fyrir alla landsmenn, og heitir því máli fullum stuðningi.



Sjálfstæðisflokkurinn byggir á þjóðlegri og kristilegri lífsskoðun og er flokkur allra stétta, og þjóðmálastarf hans markast af því sjónarmiði, að því aðeins vegni heildinni vel, að einstaklingarnir fái notið afraksturs vinnu sinnar og hæfileika og búi við sem beztan hag. Það er skoðun Sjálfstæðisflokksins, að vandamálin verði yfirleitt ekki leyst með valdboðum eða ríkisforsjá, heldur með ábyrgri og góðviljaðri samvinnu frjálsra samtaka einstaklinganna undir forystu frjálslyndrar ríkisstjórnar.

Landsfundurinn heitir á þjóðina að fylkja sér um frelsis- og framfarastefnu Sjálfstæðisflokksins, sem síðustu árin hefur leitt þjóðina til örari alhliða framfara og meiri velmegunar en hún hefur nokkru sinni áður búið við.

Sautjándi Landsfundur Sjálfstæðisflokksins áréttar að lokum höfuðmarkmið sitt í landsmálabaráttunni, sem er og verður að tryggja varanlega velmegun allra þjóðfélagsþegna. Treystir hann á stuðning landsmanna, hvar í stétt sem þeir standa, í baráttu sinni fyrir félagsumbótum, öryggi landsins og hagsæld þjóðarinnar.

NORÐURLANDS- A KJÖRSKRÁ 1967
KJÖRDÆMI - VESTRA 5.731

A	B	D	G
537	2135	1765	663
10,5%	41,9%	34,6%	13,0%
0	3	2	0
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
SAMTALS ..			

Fjöldi atkv. 1963 .
Hundraðshluti
greiddra atkv. ...
Kjördæmakosnir
þingmenn

NORÐURLANDS- A KJÖRSKRÁ 1967
KJÖRDÆMI - EYSTRÁ 11.945

A	B	D	G
1012	4530	2856	1621
10,1%	45,2%	28,5%	16,2%
0	3	2	1
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
SAMTALS ..			

AUSTURLANDS- A KJÖRSKRÁ 1967
KJÖRDÆMI 6.168

A	B	D	G	H
250	2804	1104	905	143
4,8%	53,9%	21,2%	17,4%	2,7%
0	3	1	1	0
kl.				
kl.				
kl.				
kl.				
kl.				
kl.				
kl.				
SAMTALS ..				

Fjöldi atkv. 1963 .
Hundraðshluti
greiddra atkv. ...
Kjördæmakosnir
þingmenn

SUÐURLANDS- A KJÖRSKRÁ 1967
KJÖRDÆMI 9.546

A	B	D	G
760	2999	3402	955
9,4%	36,9%	41,9%	11,8%
0	3	3	0
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
kl.			
SAMTALS ..			

